



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Neytendasamtökin
bt. Jóhannesar Gunnarssonar
Síðumúla 13
108 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2008
Tilv.: 0803002

Vísað er til bréfs yðar, dags. 3. mars sl., þar sem fram kemur sú ósk stjórnar Neytendasamtakanna að Samkeppniseftirlitið rannsaki verðhækkanir á matvörumarkaði og ástæður þeirra.

Samkeppniseftirlitið hefur á undanförnum misserum lagt áherslu á eftirlit á matvörumarkaði. Nefna má rannsókn á hugsanlegu ólögmætu samráði smásöluaðila og birgja á matvörumarkaði, en eftirlitið aflaði í lok síðasta árs gagna vegna rannsóknarinnar með húsleit hjá 6 aðilum á matvörumarkaði. Á vettvangi eftirlitsins er einnig til rannsóknar hvort átt hafi sér stað skaðleg undirverðlagning á tilteknum sviðum smásölu á matvöru sem feli í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu, á lokastigi er almenn athugun á viðskiptasamningum birgja og endurseljenda og til athugunar er hvort Mjólkursamsalan hafi farið gegn banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Nýlokið er með sátt rannsókn á samráði á vettvangi Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu í tengslum við aðgerðir stjórnvalda til að lækka matarverð með breytingum á virðisaukaskatti. Viðurkenndu samtökin brot sín og féllust á að greiða sektir vegna þeirra. Ákvörðunin, nr. 10/2008, er aðgengileg á heimasíðu eftirlitsins.

Þá hefur Samkeppniseftirlitið í dag birt álit til landbúnaðarráðherra þar sem þeim tilmælum er beint til hans að hann beiti sér fyrir því að afnema tolla á fóðurblöndum. Í álitinu er vikið að því að fóðurtollar séu til þess fallnir að vernda innlenda fóðurframleiðendur og viðhalda samkeppnishamlandi fákeppni á fóðurmarkaðnum. Vísað er til þess að fóður hafi hækkað mikið í verði hér á landi að undanfögnu og að boðaðar hafi verið verðhækkanir á landbúnaðarafurðum, m.a. með vísan til þessa. Afar mikilvægt sé því að afnema umræddan verndartoll hið fyrsta og skapa þannig skilyrði fyrir aukinni samkeppni á íslenskum fóðurmarkaði. Fram kemur í álitinu að innflutningsvernd í landbúnaði sé til frekari skoðunar hjá



eftirlitinu. Álitið, nr. 1/2008, er aðgengilegt á heimasíðu eftirlitsins. Áður hafði Samkeppniseftirlitið beint áliti til landbúnaðaráðherra þar sem hann var hvattur til beita sér fyrir afnámi lagaákvæða sem heimila samkeppnishamlandi samráð og samruna í mjólkuriðnaði og fella niður tolla á mjólkurdufti í því skyni að efla samkeppni í mjólkuriðnaði og stuðla þannig að verðlækkunum til neytenda.

Eins og framangreind dæmi um verkefni á matvörumarkaði sýna, er hlutverk Samkeppniseftirlitsins að framfylgja boðum og bönnum samkeppnislaga, ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni. Með hliðsjón af þessu fylgist eftirlitið með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kannar stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja.

Hins vegar fer Samkeppniseftirlitið ekki með verðlagseftirlit og fylgist því ekki kerfisbundið með verðþróun eða ástæðum hennar. Í bréfi yðar er ekki færð fyrir því rök að umræddar hækkanir stafi af samkeppnishindrinum og gefur það því ekki tilefni til frekari viðbragða. Vakin er hins vegar athygli á því að Samkeppniseftirlitið tekur á móti öllum ábendingum sem að gagni geta komið við mat á því hvort tilvitnaðar verðhækkanir megi að einhverju leyti rekja til brota á samkeppnislögum. Slíkum ábendingum má koma á framfæri í gegnum heimasíðu eftirlitsins, www.samkeppni.is, undir nafni eða nafnlaust. Samkeppniseftirlitið hefur áður hvatt fyrirtæki og einstaklinga sem starfa við framleiðslu, dreifingu eða sölu á matvörum til þess að senda Samkeppniseftirlitinu ábendingar um hugsanleg brot á samkeppnislögum, sbr. fréttatilkynningar eftirlitsins þann 31. janúar og 1. nóvember 2007.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

Fyrirtæki
bt. Nafn
Heimilisfang
Póstnúmer Bæjarfélag



Reykjavík, dags.
Tilv.: tilvísunarnúmer

Meginn texti

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Nafn